

Ágæti félagsmaður,

18. ágúst 2006

I Sauðfé

Í fyrsta skipti á Íslandi - Allt sauðfjárinnlegg staðgreitt

Stjórn Sláturfélagsins hefur ákveðið að bæta hag sauðfjárbænda verulega með því að staðgreiða allt sauðfjárinnlegg haustsins. Innlegg hverrar viku verður greitt að fullu inn á bankareikninga bænda annan föstudag eftir innleggsviku. Gildir þetta um allt kjöt þar með talið útflutningsskyldu, svo og andvirði sláturs og gæru. Enginn annar sláturleyfishafi hefur áður boðið sauðfjárþændum slíkan kost.

Ávinningur bænda er margþættur. Þeir fá andvirði afurða strax í hendur og geta ráðstafað því að vild og ávaxtað eða sparað sér skuldavexti. Bændur fá einnig vsk af afurðunum greiddan strax. Einnig er einföldun í bókhaldi og betri yfirsýn yfir reksturinn þar sem aðeins einn reikningur verður fyrir hvert innlegg. Meta má staðgreiðslu til ígildis 2-3% verðhækkunar.

Það er von SS að þessu verði vel tekið og margir bændur sjái sér hag í því að skipta við félagið. Sterk fjárhagsleg staða

Sláturfélagsins gerir þessa breytingu mögulega.

Verðlagning sauðfjárafurða - Veruleg hækkun

Eftir skoðun á markaðsaðstæðum og boði annarra keppinauta er það niðurstaða stjórnar félagsins að hækka verð fyrir sauðfjárafurðir verulega í haust. Í öllum tilfellum verður greitt 2% hærra fyrir dilkaflokka en viðmiðunarverðskrá Landssamtaka sauðfjárbænda segir til um.

Sú breyting er einnig gerð til einföldunar og til að auðvelda bændum samanburð við þá kosti sem aðrir sláturleyfishafar bjóða að bændur verða ekki rukkaðir fyrir flutning og andvirði sláturs og gæru er inni í kjötverðinu. Flutningskostnaður er áætlaður um 13 kr/kg og er sparnaður bænda sem því nemur við að sá liður sé inni í kjötverðinu.

Það er markmið SS að greiða sambærilegt eða hærra meðalverð en aðrir stórir sláturleyfishafar og verður verðskráin endurskoðuð til

hækkunar ef þurfa þykir. Samanburður á verðskráum allra annarra stórra sláturleyfishafa sýnir að miðað við flokkun hjá SS síðasta haust er SS að greiða jafnt eða hærra meðalverð en þeir og er þá ekki tekið tillit til hags bænda af staðgreiðslu sem meta má til 2-3%.

Eins og fram hefur komið greiðir SS 2% uppbót á afurðaverð til loka ágúst. Þessi uppbót er greidd bæði ofaná grunnverði og álag á sumarslátrun og gerir að þau kjör sem SS býður á innlegg til loka ágúst eru mjög góð. Uppbót verður ekki greidd fyrir tímabilið sept-des. Verðskráin hækkar sem nemur 2% uppbótinni frá 1. september þannig að verð í töflunni gildir áfram nema samanburður við aðra sláturleyfishafa kalli á hækkun umfram það.

Eftirfarandi verðskrá gildir fyrir tímabilið 1. - 31. ágúst og innifelur 2% uppbót sem greidd verður 19. september næstkomandi. Sama verðskrá gildir frá 1. september með 2% uppbótinni inni í verðinu.

Viðtakandi:

Holdfylling/Fita	1	2	3	3+	4	5
E	376	376	362	329	251	234
U	375	375	362	329	249	228
R	349	360	338	285	228	222
O	307	347	300	275	223	220
P	274	274	205	207	166	191
VP	110					
VR			265	225		
VHR			40		19	
VHP	25					
FP	28					
FR			81		34	

Ærslátrun - Tvíreifa gærur

Sláturfélagið tekur ær til slátrunar allar vikur nema yfir háannatímamann ca. 25. sept til loka október er dilkar hafa forgang. Margir bændur meta að geta losnað við ærnar og fá þær staðgreiddar. Gærur sem eru tvíreifa eru verðlausar og kosta félagið auk þess verulega í dysjunargjöld. Því er mikilvægt að bændur rýji ær þannig að gæran standi undir þeim verðmætum sem hún á að gera og greiði hluta flutningskostnaðar.

Útflutningur

Greiddar verða 220 kr/kg fyrir útflutningsskylduna allan sláturtímamann. Þetta verð gildir fyrir allan útflutning þ.e. alla flokka sem reiknast í útflutning sem er breyting til hækkunar frá fyrri árum.

Heimtaka - Framkvæmd, kostnaður & slátur

Þá breytingu verður að gera að bændur verða að ákveða áður en mat fer fram hversu mikið og hvaða flokka þeir ætla að taka heim. Það er ekki hægt að

bakfæra innlegg og breyta vigtarseðlum eftirá. Slíkt truflar kjötmatið og hefur SS verið gagnrýnt fyrir það af Yfirkjötmatinu. Bændur eru beðnir að merkja á móttökukvittun við afhendingu fjár hvaða flokka þeir vilja taka heim. Nauðsynlegt er að beiðnir verði skriflegar með þessum hætti og að hægt sé að skrá inn í kjötmatskerfið heimtökuóskir áður en mat fer fram.

Bændur geta ekki lengur tekið heim slátur með heimteknu fé! Slátrið greiðir hluta af flutningskostnaði og er andvirði þess og gæru komið inn í kjötverðið á móti flutningskostnaði. Af þessum sökum er ekki lengur hægt að taka heim slátur sem tilheyrir heimteknu fé.

Gjald fyrir slátrun á heimteknum lömbum verður, 104 kr/kg án vsk. Ef kjötið er ekki sótt innan 2 daga verður það fryst. Sögun er boðin á heimteknu kjöti og er gjaldið 14 kr/kg fyrir 7 parta sögun og 25 kr/kg fyrir smásögun auk vsk. Umbúðir eru innifaldar. Innleggjendum vestan Hellisheiðar er boðið að fá kjöt sitt sent á Fossháls.

Flutningar á sauðfé

Það er mikilvægt að bændur og Sláturfélagið vinni áfram saman að því að bæta líðan fjár á leið til sláturhúss. Það eru bein tengsl á milli dýravelferðar og gæða afurða. SS leggur til vönduð flutningstæki og leggur áherslu á reynda samviskusama bílstjóra. Bændur þurfa að hafa góða aðstöðu til hleðslu bíla og leggja kapp á að skila fé hreinu á bíl. SS mun í haust eins og síðasta haust skrá niður aðstöðu á bæjum og þann tíma sem tekur að koma fénu á bíl.

Lömb eiga ekki að fara södd á sláturbíl en mikilvægt að þau hafi haft nægan aðgang að vatni fyrir flutning.

Sömu reglur gilda og áður til að tryggja nýtingu flutningstækja. Ekki verður sótt á bæ nema þar séu að lágmarki 30 kindur. Minni partí þarf að sameina með öðrum.

Sauðfjárslátrun í september og október

Ákveðið hefur verið að hækka yfirborgunar í september og verða þær sem hér segir :

Sláturvika	Yfirborgun Markaðsráðs	Yfirborgun S.S. á innanlandshluta	Samt pr/kg m.v. 15 kg dilk	Sl.fjöldi
35 [28. ág. -1. sept.]	500 kr/dilk	27 kr/kg	60 kr/kg	5.000 stk
36 [4.-8. sept.]	200 kr/dilk	32 kr/kg	45 kr/kg	7.000 stk
37 [11.-15. sept.]		27 kr/kg	27 kr/kg	10.000 stk
38 [18.-22. sept.]		12 kr/kg	12 kr/kg	11.000 stk
39 - 43 [25. sept.-27. okt.]				12.000 stk

Vetrar- og páskaflátrun sauðfjár

Til glöggvunar er yfirlit um

vetrar- og páskaflátrun endurtekið frá síðasta fréttabréfi. Slátrað verður á fimmtudögum

auk viðbótardaga fyrr í hverri viku ef á þarf að halda.

Sláturvika	Yfirborgun Markaðsráðs	Yfirborgun S.S. á innanlandshluta	Samt pr/kg m.v. 15 kg dilk	Sl.fjöldi
44 [30. okt. -3. nóv.]	0 - 6,5 kr/kg	0 - 5,5 kr/kg	0-12 kr/kg	11.000 stk
45 [6.-10. nóv.]	6,5 kr/kg	15,5 kr/kg	22 kr/kg	8.000 stk
46 [13.-17. nóv.]	6,5 kr/kg	25,5 kr/kg	32 kr/kg	1.500 stk
47 [20.-24. nóv.]	6,5 kr/kg	33,5 kr/kg	40 kr/kg	1.500 stk
48 [27.-1. des.]	6,5 kr/kg	38,5 kr/kg	45 kr/kg	1.000 stk
49 [4.-8. des.]	13 kr/kg	37 kr/kg	50 kr/kg	1.500 stk
50 [11.-15. des.]	13 kr/kg	42 kr/kg	55 kr/kg	800 stk
Páskar '07 [15/16. mars]	32,5 kr/kg	57,5 kr/kg	90 kr/kg	2000 stk

Yfirborgun Markaðsráðs og SS er á flokka E-O, fitufl. 1-3+. Bændasamtökin greiða bændum geymslugjaldið og er að jafnaði greitt um 6 vikum eftir lok innleggsmánaðar.

Verktakaslátrun

Sláturfélagið hefur samið við Sláturhús KVH á Hvammstanga um verktakaslátrun. Eingöngu er hægt að nýta þessa verktakaslátrun á haustsláturtíma, vikur 39-43. Greiðslutími, flutningsgjald og öll önnur fjárhagsleg atriði sem snúa að innleggjendum verða þau sömu eins og við innlegg á Selfossi. Það magn sem hægt er að fá slátrað í verktöku er takmarkað og því er nauðsynlegt að þeir sem hafa áhuga á að nýta sér innlegg til SS með slátrun á Hvammstanga panti snemma til Selfoss til að fá upplýsingar um hvaða vikur eru opnar. SS áskilur sér rétt til að slátra á Selfossi ef hægt er að taka við sláturfé á Selfossi þá daga sem beðið hefur verið um verktakaslátrun.

Kjötmat

Kjötmat hefur verið umræðuefni

hvert haust og sannkallaður leiðigjafi til margra ára. Síðasta haust má segja að keyrt hafi um þverbak og öllum ljóst að verulega vantaði á að hægt væri að tala um að í landinu væri opinbert kjötmat sem tryggði bændum og sláturleyfishöfum samræmt mat í viðskiptum með sauðfé.

Sláturfélagið og margir fleiri hagsmunaaðilar hafa gagnrýnt þetta ósamræmi og krafist úrbóta.

Eftir viðræður milli yfirkjöt matsins, sláturleyfishafa og Landssamtaka sauðfjárbænda er niðurstaðan að verulegar breytingar verða gerðar til að minnka hættu á ósamræmi milli húsa. Helstar eru : yfirmatsmönnum verður fjölgað úr 2 í 4 og þeir að jafnaði í hverju sláturhúsi um 25-30% sláturtímans, leyfileg vikmörk í mati verða þrengd, matsmönnum verður gefinn kostur á að fara milli sláturhúsa í nokkra daga og tekin verður saman skýrsla tvisvar í viku með samanburði milli húsa þannig að strax megi bregðast við ef ósamræmi sést. Það er von undirritaðs að þessum breytingum verði fylgt vel eftir

og skili miklum árangri.

Örmerki / rafræniir vigtarseðlar

Sláturfélagið vinnur að því með Búnaðarsambandi Suðurlands að auðvelda bændum að taka í notkun rafræn eyrnamerki. Verkefnið snýst um mat og ráðleggingu á búnaði og að kanna leiðir til að lækka kostnað bænda við þessa nýju tækni sem sparar vinnu og minnkar villuhættu mikið. Nánar verður gerð grein fyrir þessu verkefni á næstunni.

Sú breyting verður gerð frá fyrra ári að öll eyrnamerki verða geymd í rétttri röð í 14 daga frá slátrun. Ef villa uppgötvast í skráningu sérmerkinga verður hægt að leiðrétta hana með skoðun þessara merkja.

Allir innleggjendur geta fengið vigtarseðil og innleggskrá fyrir Fjárvis send samdægurs með tölvupósti. Notkun og varsla á rafrænu formi er mun þægilegri en gamli pappírinn. Koma þarf beiðni og upplýsingum um netfang til Selfoss til að hægt sé að senda gögnin.

II Sala folaldabeina til lyfjagerðar

Fyrir 3 árum hófst tilrauna-
verkefni hjá SS með þýsku
fyrirtæki sem vinnur vaxtar-
hvata úr folaldabeinum.
Gríðarlegar kröfur eru gerðar til
hreinlætis og vandvirkni við
þessa vinnslu. Vinnsluferlið á
vaxtahvatanum er mjög langt og

því hefur tekið langan tíma að fá
niðurstöður sem leyfðu þýska
aðilanum að auka magnið.
Árangur er mjög góður og í
haust verður meira unnið af
folaldabeinum en nokkru sinni
fyrir. Í viku 34 og 36 verður
slátrað þrisvar samtals 100

folöldum vegna þessa verkefnis.
Bændur njóta hás yfirverðs og
verður greitt 271 kr/kg fyrir FOI
A í viku 34 og 256 kr/kg fyrir
FOI A í viku 36. Eftir það tekur
aftur við gildandi verðskrá, sem
sjá má á vef SS, uns annað
verður ákveðið.


III Vörukaup félagsmanna hjá SS

Félagsmenn njóta þeirra
hlunninda að geta verslað vörur
hjá Sláturfélaginu á heildsölu-
verði. Þess ber hins vegar að
geta að mikið álag er á
afgreiðsludeild félagsins og hún

miðuð við að afgreiða stóra
viðskiptavini með mikið magn
hverju sinni. Til að koma í veg
fyrir truflun á starfsemi
deildarinnar og bið hjá þeim
sem eru að sækja vörur er

nauðsynlegt að félagsmenn
panti vörur daginn fyrir
afhendingu. Einnig verður að
miða við að lágmarksandvirði
pantana sé 5 þkr. án vsk.

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.



Steinþór Skúlason



Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík
Sími 575 6000

Fyrirvari er gerður um prentvillur